



Chalumeaux-tríóið var stofnað árið 1990 af klarínettu-leikurunum Kjartani Óskarssyni, Óskari Ingólfssyni og Sigurði Ingva Snorrassyni. Á verkefnaskrá tríósins eru verk sem spanna alla sögu klarínettuhljóðfæranna eða frá um 1730. Auk þess að leika upphafleg verk eftir tónskáld á borð við Mozart hafa þeir

Kjartan og Sigurður umritað fjölda verka fyrir tríóið. Meðal þessara verka eru fjölmargar aríur úr óperum Mozart og Salieri sem tríóið flutti ásamt þremur söngvurum. Þá hafa mörg íslensk tónskáld skrifað verk fyrir tríóið.

Ármann Helgason hefur nú tekið sæti Óskars Ingólfssonar sem lést 2009.